

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður

Hafnarfirði 5.2.2018

Efni: Skóladagatal 2018-2019 - skipulagsdagar skóla

Á fundi Fræðsluráðs Hafnarfjarðar þann 31.1.2018 var fjallað um skóladagatal næsta skólaárs 2018-2019. Fram kom þar að lagt er til að skólarnir geti ráðstafað tveimur af fimm skipulagsdögum en þrír verði skipulagðir miðlægt með leikskólum bæjarins. Skipulagsdagarnir fimm eru komnir til skv. kjarasamningi FG til þess að styðja við faglegt starf skólanna og mæta auknum álagstímum á skólaárinu.

Nú er svo komið að kennaraskortur er þegar orðinn að veruleika og kennarar upplifa mikið álag í starfi. Undanfarið ár hefur verið unnið að hugmyndum að umbótum á starfsumhverfi kennara skv. bókun 1 í kjarasamningi FG. Þessi vinna hefur verið unnin af þverfaglegum starfshópi í bænum, trúnaðarmönnum kennara, skólastjórnendum og starfsmönnum fræðslu- og frístundaþjónustu. Einn liður í að bæta starfsumhverfið er að skólarnir fái að ráða hvenær skipulagsdagar eru á skólaárinu til að þeir falli vel að og styðji við skólastarfið. Kennarar hafa gagnrýnt að skipulagsdagarnir falli ekki nógu vel að þörfum skólastarfsins eins og upphaflega var ætlað heldur meira til að mæta þjónustubörf við heimilin. Þess má geta að frístundaheimilin eru opin alla skipulagsdagana nema einn á ári. Kennarar horfa í þessu tilliti til annarra sveitafélaga þar sem skólarnir skipuleggja sjálfir hvenær þeir hafa skipulagsdaga yfir skólaárið.

Við teljum mikilvægt að skólarnir fái að ráða hvar þeir setja skipulagsdagana tvo innan skólaársins og leggjum áherslu á mikilvægi þess að styðja við starfsumhverfi skólanna og kennaranna eins og kostur er.

Virðingarfyllst,

Skólastjórar grunnskólanna í Hafnarfirði